



Fundargerð

Framkvæmdaráð SSA

Símafundur fimmtudaginn 14. janúar kl.12.00.

Mættir eru á síma : Bj. Hafþór Guðmundsson, Guðmundur Ólafsson og Valdimar O. Hermannsson. Framkvæmdastjóri er mættur.

Formaður setti fund bauð gleðilegt nýtt ár og síðan var gengið til fyrirbyggjandi dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar SSA 7. des. 2009.

Varðandi lið 8/2 Nauðsynlegt er að gengi verði frá lyktun (ÓÁ-PB) Fundargerðin staðfest.

2. Frá Landshlutasamtökum .

2/1 Eyþing : Stjórn 210.fundur 09.des.09.

2/2 SASS: 430.fundur stjórnar 11.des. 2009

2/1 liður 7 e og i og 2/2 lið 9e um 100. mál. dómstóla og 225.mál. skattumdæmi .
Framkvæmdaráð SSA tekur undir og harmar vaxandi tilhneiingu ríkisvaldsins til að flytja störf og áhrif úr hinum dreifðu byggðum og þá ekki síst vel launuð störf sem krefjast háskólamenntunar.

Þessar fyrirætlunir stríða gegn tveimur leiðarljósum þeirrar byggðaaætlunar sem nú er í gildi ,sem er annars vegar að stórefla menntun á landsbyggðinni og hins vegar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Nú er nýhafin vinna við sóknaráætlanir í öllu landshlutum ,undir forystu forsætisráðuneytisins í samvinnu við heimamenn, þar sem m.a. er fjallað um opinbera þjónustu og uppbyggingar hennar. Eðlilegt hlýtur að teljast að beðið verði með róttækar breytingar á stjórnsýslu ríkisins á landsbyggðinni þangað til að sú stefnumótun liggur fyrir.

3. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga .

3/1 Fundargerð 770. fundar 11.des. 2009

7.liður Varasjóður húsnæðismála .

Formaður tók fyrir og fór yfir bréf til sveitarstjóra Breiðdalshrepps frá Varasjóðnum dagsett 9.des. 2009. Samkomulög ríkis og sveitarfélaga um framlög í sjóðinn fellur út um sl.áramót og hætt var að greiða fyrir fleiri söluframlög á árinu 2009.

Samþykkt að framkvæmdastjóri leiti eftir upplýsingum frá sveitarfélögum.
Framkvæmaráð SSA tekur undir með stjórn Sambandsins að nefnd félags og tryggingaráðherra um húsnæðismál taki málefni sjóðsins til umfjöllunar.

4. Ibúafjöldi á Austurlandi 1.des. 09. (Hagstofan)

Þróun 2006-2007-2008-2009.

Lagt fram til upplýsingar . Íbúáþróunin rædd ,mælingar hennar og forsendur varðandi væntingar ,orsakir og veruleika.

5. Staða verkefni/starfshópa SSA :

5/1 Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA .

BHG: Formaður sagði að nú stæði yfir vinna hjá stýrihópnum við að kortleggja samráðið og vinnuna með stoðstofnunum ,sex-sjö (form. og framkvæmdastjórar) sem fyrir liggur að vinni með í verkefninu . Stýrihópurinn hefur fallið frá því að “opna verkefnið” eins mikið og til stóð fyrir áramót.

5/2 Undirbúningur móttöku þjónustu við fatlaða.

P.J. Starfshópur SSA hefur verið skipaður og verður kallaður saman til fyrsta fundar 18. janúar nk. Þar verður farið yfir stöðuna í landshlutanum –þjónustuna – þjónustusvæðin-formið á þjónustunni og fl. Gert er ráð fyrir því að vinna

starfshópsins tengist inn á vinnu starfshóps SSA í verkefninu “Austurland eitt sveitarfélag”, en bæði verkefni eiga að skila af sér tillögum í haust.

5/3 Austurland eitt sveitarfélag.

Form. þakkaði fyrir upplýsingar til íbúa Austurlands í des. 2009 grein sem framkvæmdastjóri tók saman (Austurglugginn og Morgunblaðið).

Þ.J. sagði frá því að verkefnið væri að taka á sig form eftir ágætan fund starfshópsins 14. des. sl. Þ.J. í samvinnu við Hafliða ÞFA og SigurðTómas í ráðuneytinu hefur unnið við að safna upplýsingum fyrir starfshópinn. Fundur er boðaður 18. janúar nk. þar sem m.a farið er yfir fyrirbyggjandi upplýsingar – valið og raðað niður í flokka til greiningarvinnu – aðgerðar og tímaáætlun rædd o.fl.

Umsókn í jöfnunarsjóð hefur fengið jákvæða afgreiðslu (7.des sl.)

5/4 20/20 Sóknaráætlun landshluta : Vinnustofa Austurlands 30.jan.2010

Þ.J. Fyrsta vinnustofa landshlutanna í verkefninu 20/20 Sóknaráætlun Íslands , sem er á forræði forsætisráðuneytisins í samstarfi við m.a. landshlutasamtökin , verður Austurlandsstofa á Hótel Hérði laugardaginn 30. janúar nk. Undirbúningur er í fullum gangi og hefur framkvæmdastjóri notið aðstoðar starfsfólks Þróunarfélagsins . Boðaðir eru c.a 100 einstaklingar . 50-60 eru handvaldir af lista yfir hagsmunaðila sem unnin var og sami fjöldi valinn með úrtaki úr þjóðskrá. Boðsbref undirritað af verkefnisstjóra Kristni Tryggva Gunnarssyni Expectur og framkvæmdastjóra SSA verður sent úr um helgina 15.-17. janúar til allra boðaðra . SSA þarf að taka á móti staðfestingum og afboðunum og fylla inn í með fleiri þáttakendum ef með þarf .Gert er ráð fyrir 70-90 manns. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir því að starfsfólk ÞFA (Halla og Ingigerður) taki á móti upplýsingum frá þáttakendum. Komið hefur í ljós að landshlutasamtökunum er ætlað að bera kostnað af vinnustofum í héraði og má áætla hann verði um 350-450.000 við Austurlandsstofu.

Huga þarf að því með havað hætti SSA mætir þeim kostnaði þar sem ekki var gert ráð fyrir honum við gerð fjárhagsáætlunar 2010.

5/5 Söguritun : Samstarf sveitarfélaga á Austurlandi .

Þ.J sagðist nýlega hafa farið yfir stöðuna með söguritara Smára . Söguritun er að ljúka. Söfnun mynda er farin í gang . Framundan er fundur framkvæmdastjóra og söguritara með forstöðumanni útgáfufélagsins HÓLA um útgáfu fyrir haustið. Ekki liggur fyrir nú hver kostnaður verður á útgáfuárinu , en fjárveiting 2.0 millj. eru á áætlun SSA 2010.

6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga :

Framlög 2009 : fasteignaskatts-útgjalda-tekjujöfnun.

Áætlun 2010. : Nýbúa-sérþarfa fatlaðra .

Lagt fram :

7. Árgjöld aðildarsveitarfélaga til SSA 2010.

Bréf framkvæmdastjóra SSA til aðildarsveitarfélaga 15.des.09.

Þ.J. upplýsti að hann hafi sent út til innheimtu (50%) staðfest árgjöld aðildarsveitarfélaga til SSA á árinu 2010 alls að upphæð kr. 9.050.000. Þar af eru 850.00 vegna verkefna HNM sem SSA yfirtók um áramót þegar Héraðsnefnd Múlasýslna var lögð niður .

8. Bréf og önnur erindi :

8/1 Fundur um eflingu sveitarstjórnarstigsins 14.des.sl.

Þ.J. sagði að fundur Sveitarstjórnarráðherra og Sambands isl sveitarfélaga, um “Nýjar leiðir til eflingar og sameiningar sveitarfélaga” á Egilsstöðum 14. des. sl. hafi tekist nokkuð vel , þrátt fyrir erfiða tímasetningu en fundinum hafði verið frestað um viku.



8/2 Vinnumarkaðsráð Austurlands des. 2009.

Lagt fram til upplýsingar :

9. Önnur mál.

9/1 Heimasíða SSA . Þjónusta frá PFA.

Þ.J. óskar eftir því að mega semja við Þróunarfélag Austurlands um að stofnunin þjónusti heimasíðu SSA með tengingu við þeirra síðu. Heimasíðan hefur ekki verið að virka síðasta ár vegna m.a . að erfitt er að koma inn á hana upplýsingum , þar sem grunnur hennar er orðinn gamall og erfitt hefur verið að fá hann uppfærðann. Hún hefur því verið “dauð” síðustu mánuði sem er ekki ásættanlegt .

Framkvæmdaráð SSA samþykkir beiðni framkvæmdastjóra og leggur áherslu á að henni verði komið i lag sem fyrst.

9/2 HAUST . Uppsögn samnings Umhverfisstofnunar . (br.11.janúar)

V.O.H sem jafnframt er formaður HAUST sagði frá samskiptum við Umhverfisstofnun um framsal eftirlits. Framundan er að gera nýja framsalssamninga en þeir sem nú gilda falla út um nk. áramót. Fram kom hjá formanni að SSA muni áfram styðja við óskir HAUST um framsal frekara eftirlits frá UST:

Fleira ekki tekið fyrir og því sleit formaður fundi kl. 13.00.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson